

3. Við birtingu myndverka skal að jafnaði merkja þau þannig: „nafn verks“, ártal ef vitað, © „nafn höfundar/MYNDSTEF“.
4. Um leið og heimild er veitt til að birta/nota myndverk eða það er birt/notað er greiðsla skv. gjaldskrá þessari fallin í gjalddaga.
5. Taxtar skv. þessari gjaldskrá eiga ekki við þegar myndhöfundur er fenginn til þess að vinna myndverk (eftir pöntun).
6. Notkun myndverks og greiðsla fyrir hana skv. þessari gjaldskrá veitir aðeins rétt til þess að nota myndverkið einu sinni. Greiða skal sérstaklega fyrir endurtekin not.
7. Ef fjárhagslegir hagsmunir tengdir notkun á höfundarétti eru mjög miklir gilda ekki taxtar skv. þessari gjaldskrá og ber þá að semja um notkunina hverju sinni.

Gjaldskrá þessi tekur gildi 1. ágúst 1995 en hún breytist á þriggja mánaða fresti í samræmi við breytingar á vísitölu vöru- og þjónustu. Víkja má frá gjaldskránni bæði til hækkunar og lækkunar. Taxtar skv. gjaldskránni eru án virðisaukaskatts en í þeim er innifalin innheimtuþóknun Myndstefs.

*Menntamálaráðuneytið, 11. júlí 1995.*

**Björn Bjarnason.**

*Þórunn J. Hafstein.*

## AUGLÝSING

### um aðgangsnúmer fyrir símtöl til útlanda.

1. gr.

Aðgangsnúmer til útlanda í almenna símakerfinu skal vera 00.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 73/1984, sbr. l. nr. 32/1993 og með hliðsjón af ákvörðun ESB ráðsins frá 11. maí 1992 um að taka í notkun í bandalaginu staðlað aðgangsnúmer fyrir símtöl til útlanda (92/264/EBE).

*Samgönguráðuneytið, 26. júní 1995.*

**Halldór Blöndal.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*